

Samráðsgátt // Breyting á lögum um listamannalaun.

Drög að frumvarpi til laga. // Mál nr. S-86/2024

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs fagnar mjög frumvarpinu og framsýni ráðherra þar sem er lögð til breyting á lögum um listamannalaun sem miðar að því að stofna þrjá nýja launasjóði og fjölga þeim mánaðarlegu starfslaunum sem koma til úthlutunar. Mjög mikilvægt er að efla þau ómældu lífsgæði, menningarlegu og virðisaukandi, sem listafólk skapar í samfélaginu og byggja undir fjölbreytilegan og nýskapandi vöxt innan skapandi greina.


Gerðar eru þrjár athugasemdir:

- Gerð er athugasemd við að fulltrúar hönnuða hafi ekki verið hafðir með í mótun frumvarpsins. Hönnuðir eru ekki hluti af Bandalagi íslenskra listamanna, en arkitektar sem hvergi eru nefndir í frumvarpinu eru það.
- Gerð er athugasemd við heitið launasjóður hönnuða og lagt til að því verði breytt í launasjóður hönnuða og arkitekta.
- Gerð er athugasemd við lítilli fjölgun mánaða í launasjóð hönnuða (og arkitekta).

Lagt er til í frumvarpinu að launasjóður hönnuða (og arkitekta) fari úr 50 mánaðarlaunum í 100 en launasjóður hönnuða (og arkitekta) er langminnstur starfslaunasjóða í samanburði við aðrar listgreinar sem sumar hljóta mun hraðari hækkun í frumvarpinu [sbr. launasjóður kvikmyndahöfunda].

Athygli er vakin á að frá Listaháskóla Íslands útskrifast langflestir nemendur úr hönnun og arkitektúr, miðað við aðrar greinar og hefur sá fjöldi aukist verulega í gegnum árin. sbr meðfylgjandi mynd:

Fjöldi útskrifaðra nemenda úr LHÍ eftir greinum




Fjöldi hönnuða og arkitekta sækir sér einnig grunn- og framhaldsmenntun erlendis sem ekki eru til tölur um.

Skv. Menningarvísun Hagstofunnar, tölur frá 2022 þá starfa yfir 1000 manns í hönnun og arkitektúr og í þeirri tölu eru ekki taldir með hönnuðir sem starfa á auglýsingastofum sem telja nokkur hundruð.

Misjafnt er hvaða möguleika listamenn hafa til að afla sér tekna með listsköpun sinni en hönnuðum og arkitektum sem rannsakendum og frumskapendum í list og nýsköpun hefur fjölgað mjög í réttu hlutfalli við fjölgun útskrifaðra hönnuða og arkitekta og áherslur í námi á því sviði hvort tveggja á Íslandi, í Listaháskóla Íslands og erlendis. Tækifæri þeirra til að sækja um listamannalaun hafa ekki aukist í hlutfalli við þann vöxt, sbr. meðfylgjandi mynd frá 2021.

Starfslaun hönnuða/listamanna


Fjöldi úthlutaðra mánaða 2021



Listmenntaðir hönnuðir og arkitektar hafa þar að auki minni tækifæri til að sækja um styrki í aðra sjóði en aðrar listgreinar sbr. að Hönnunarsjóður er minnstur sjóða listgreina. sbr. meðfylgjandi mynd með tölum frá 2021.

Verkefnasjóðir

Fjárhæð í milljónum



Framlag til Hönnunarsjóðs hækkaði í 80 milljónir árið 2023, erfitt er að fá nýjar staðfestar tölur fyrir sjóðina.

Í texta um frumvarpið kemur fram að „*Dreifingin sem lögð er til með frumvarpinu byggist á fyrirkomulaginu eins og það er í gildandi lögum að teknu tilliti til tölfræðilegra upplýsinga frá Rannís um fjölda umsókna um listamannalaun úr hverjum sjóði, og hlutfall árangurs þeirra umsókna, á undanförunum 10 árum.*“

Gildir það auðvitað einungis um þá sjóði sem nú þegar eru til en ekki þá nýju. Það má benda á að fólk gefst auðveldlega upp á að sækja um laun / styrki í sjóði sem veita mjög fáa og lága styrki og aðlagar sig þannig að því sem er í boði. Þetta er þekkt t.d. í Hönnunarsjóði þar sem mjög góðum og vönduðum umsóknum fjölgaði verulega þegar sjóðurinn stækkaði.

1. gr. Lagt er til eftirfarandi breytingu á orðalagi á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Starfslaun listamanna skulu veitt úr eftirtöldum sjóðum:

a. launasjóði hönnuða og arkitekta

3. gr. Gerð er athugasemd við fjölgun mánaðarlauna í launasjóð hönnuða og arkitekta. Í stað „50“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: **200.**

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs starfar að þessum markmiðum samkvæmt samningi við stjórnvöld:

- efla íslenska hönnun og arkitektúr sem listgreinar og grundvöll þeirra til atvinnusköpunar
- efla samstarf milli fagaðila, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda
- efla menntun og rannsóknir á sviði hönnunar og arkitektúrs
- tryggja framgang stefnu málefnasviða stjórnvalda sem snúa að nýsköpun, rannsóknum, þekkingargreinum, samkeppnum og menningarsjóðum.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs er í eigu Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna og innanhússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatahönnunarfélags Íslands, Textílfélagsins, Félags íslenskra gullsmíða og Félags íslenskra teiknara og er með rekstrar- og þjónustusamning við menningar- og viðskiptaráðuneyti.

fh. stjórnar Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs

Halla Helgadóttir
framkvæmdastjóri